

**3259. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
13. ágúst 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfssdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

Andrés Ólafsson, fjármálastjóri, situr fundinn undir þessum lið.

**1. 1505141 - Viðauki III við fjárhagsáætlun 2015**

Viðauki númer III sem tekur til tímabilsins 1. júní til 31. júlí 2015 lagður fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir viðauka III við fjárhagsáætlun 2015.*

*Viðaukinn felur í sér óbreytta rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta Akraneskaupstaðar.*

**2. 1508011 - Þjóðarsáttmáli um læsi**

Tillaga um þjóðarsáttmála um læsi sem mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Heimili og skóli standa að.

*Bæjarráð Akraness fagnar þessu framtaki og mun bæjarstjóri undrrita samninginn fyrir hönd Akraneskaupstaðar. Fyrirhugað er að undirritunin fari fram á Akranesi þann 26. ágúst næstkomandi en beðið er staðfestingar mennta- og menningarmálaráðuneytisins á tímasetningunni.*

**3. 1508026 - Dúmbó og Stein - leiga á íþróttahúsi við Vesturgötu**


Erindi Jóns Trausta Hervarssonar f.h. hljómsveitarinnar Dúmbó og Steina, dags. 4. ágúst 2015, þar sem óskað er eftir að fá íþróttahúsið við Vesturgötu á leigu 7. nóvember nk. vegna árgangamóts.

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og víesar því til menninga- og safnanefndar til skoðunar í tengslum við hvort viðburðurinn geti verið hluti af formlegri dagskrá Vökudaga.*

**4. 1508128 - Vesturlandsmóti kvenna í golfi 2015**

Erindi Berglindar Helgadóttur f.h. kennanefndar golfklúbbsins Leynis dags. 12.8.2015, þar sem óskað er eftir gjaldfrjálsum aðgangi fyrir þátttakendur á mótinu í sundlaugina að Jaðarsbökum

*Bæjarráð samþykkir erindið.*



**5. 1507106 - Birkiskógar 3 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Sævars Matthíassonar dags. 20.7.2015, um byggingarlóð við Birkiskóga nr. 3.

*Bæjarráðs samþykkir úthlutun lóðarinnar Birkiskógar 3 til umsækjanda.*

*Bæjarráð vekur athygli umsækjanda á að framsal lóðarréttinda er óheimilt fyrr en búið er gera lóðarleigusamning.*

**6. 1508123 - Baugalundur 1, 3, 5, 7, 9 og 11 - umsókn um byggingarlóðir**

Umsókn Grenjar ehf. dags. 11.8.2015 um byggingarlóðir við Baugalund 1,3,5,7,9 og 11. Fyrirtækið hyggst óska eftir deiliskipulagsbreytingu á þessum lóðum þar sem þeim yrði breytt úr breytt úr einbýlishúsalóðum í raðhúsalóðum með 8 íbúðum. Íbúðirnar yrðu settar í leigufélag og sótt um afslátt á gatnagerðargjöldum skv. samþykkt bæjarráðs frá 16.7.2015.

*Bæjarráð samþykkir umsókn Grenjar ehf. um byggingarlóðir við Baugalund 1,3,5,7,9 og 11, samkvæmt gildandi deiliskipulagi.*

*Umsækjandi þarf að greiða 50% gatnagerðar- og tengigjalds frá veitu innan mánaðar frá úthlutun lóðanna til staðfestingar á úthlutun bæjarráðs sbr. 1. mgr. 11. gr. gjaldskrár nr. 710/2015.*

*Bæjarráð tekur ekki á þessu stigi málsins afstöðu til beiðni umsækjanda um afslátt en um sérstaka ákvörðun er að ræða sem háð er skilyrðum sbr. 4. gr. gjaldskrár nr. 710/2015.*

**7. 1507081 - Akralundur 8, 10, 12 og 14 - Umsókn um byggingarlóðir**

Umsókn Grenjar ehf. dags. 24.7. 2015 um byggingarlóðir við Akralund 8, 10, 12 og 14.

Fyrirtækið hyggst óska eftir deiliskipulagsbreytingu á þessum lóðum þar sem þeim yrði breytt úr breytt úr einbýlishúsalóðum í raðhúsalóðum með 8 íbúðum. Íbúðirnar yrðu settar í leigufélag og sótt um afslátt á gatnagerðargjöldum skv. samþykkt bæjarráðs frá 16.7.2015.

*Bæjarráð samþykkir umsókn Grenjar ehf. um byggingarlóðir við Akralund 8,10,12 og 14 samkvæmt gildandi deiliskipulagi.*

*Umsækjandi þarf að greiða 50% gatnagerðar- og tengigjalds frá veitu innan mánaðar frá úthlutun lóðanna til staðfestingar á úthlutun bæjarráðs sbr. 1. mgr. 11. gr. gjaldskrár nr. 710/2015.*

*Bæjarráð tekur ekki á þessu stigi málsins afstöðu til beiðni umsækjanda um afslátt en um sérstaka ákvörðun er að ræða sem háð er ákveðnum skilyrðum sbr. 4. gr. gjaldskrár nr. 710/2015.*

**8. 1507087 - Samstarf um rannsóknarverkefni**

Á 18. fundi velferðar- og mannréttindaráðs var fjallað um erindi Janusar Guðlaugssonar PhD. á Íþrótt- og heilsabréfum menntavísindasviðs Háskóla Íslands, um samstarf á rannsóknarverkefni varðandi heilsueflingu eldri borgara. Ráðið lýsti sig jákvætt gagnvart þátttöku en samþykkti að vísa erindinu til bæjarráðs.



Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur sviðsstjóra velferðar- mannréttindasviðs að leita til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands félags eldri borgara o.fl og kanni möguleikann á samstarfi. Málið verði unnið áfram á vettvangi velferðar- og mannréttindaráðs.

**9. 1508081 - Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins**

Lýðræðislegt hlutverk sveitarstjórna í evrópskum sveitarfélögum.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Oskar H. Ólafsson  
Fréðbjörn Valdmarsd.  
Valdís Þórhildsdóttir  
Vilborg P. Guðbjartsd.  
Juglögur Laumadóttir  
Ragna Ásmundardóttir  
Símun Þóroffsson*